

Umsókn um afskrift á skuld við Íbúðalánasjóð.

6. gr. reglugerðar nr. 359/2010 um meðferð krafna Íbúðalánasjóðs sem glatað hafa veðtryggingu (með síðari breytingum) er svohljóðandi:

„Að liðnum þremur árum frá sölu fasteignar er stjórn Íbúðalánasjóðs heimilt að afskrifa kröfur sem glatað hafa veðtryggingu skv. 1. og 2. tölulíð 1. mgr. 2. gr.“

Nafn

Kennitala

Nafn

Kennitala

Heimilisfang

Núverandi húsnæði: () Eigið húsnæði, () Leiguhúsnæði, () Annað

Húsnæðiskostnaður (leigufjárhæð / afborganir af húsnæðislánum) _____

Hjúskaparstaða: () Gift/ur
() Sambúð
() Einhleyp/ur

Staða: () Í vinnu
() Ellilífeyrisþegi
() Heimavinnandi
() Atvinnulaus
() Öryrki

Sími/Farsími

Netfang

Fasteign sem var seld:

Skuld við aðra eftir sölu:

Gögn sem fylgja verða umsókninni:

- () Skattaskýrsla síðastliðna 3. ára, staðfest afrit.
- () Síðasti álagningarseðill
- () Staðgreiðslufirlit síðustu 12 mánuði, staðfest afrit.
- () Staðfesting á tekjum sl.3 mánuði, launaseðlar, lífeyrisgreiðslur, meðlag, allar bætur s.s atvinnuleysisbætur, örorkubætur o.s.frv.
- () Ef umsækjandi er í eigin rekstri þarf að skila inn ársreikningi og upplýsingar um arðgreiðslur
- () Samþykki fyrir öflun og notkun lánshæfismats og fjárhagslegra upplýsinga úr Skuldastöðukerfi Creditinfo Lánstrausts hf.
- () Ekki er gerð krafa um að umsækjendur skili greinargerð. Hins vegar ef umsækjendur telja að önnur atriði eða upplýsingar kunni að skipta máli við afgreiðslu umsóknarinnar, þá hvetjum við umsækjendur til að skila greinargerð eða skrifa skýringar með umsókninni. Hægt að senda inn viðbótarskýringar þegar ofangreindum gögnum er skilað inn, annað hvort með að senda á afskrift@ils.is eða koma með til okkar í Borgartún 21.

Staður og dagsetning

Undirskrift umsækjanda

Undirskrift umsækjanda

SAMÞYKKI

FYRIR ÖFLUN OG NOTKUN FJÁRHAGSLEGRA UPPLÝSINGA OG ANNARRA GAGNA VIÐ MAT Á UMSÓKN UM AFSKRIFT Á SKULD SEM GLATAÐ HEFUR VEÐTRYGGINGU

Umsækjandi/umsækjendur veitir Íbúðalánasjóði kt. 661198-3629 fullt og ótakmarkað umboð til að kalla eftir upplýsingum frá kröfuhöfum sem eru þátttakendur í Skuldastöðukerfi Creditinfo Lánstrausts hf.* og skila yfirliti sem m.a. inniheldur fjárskuldbindingar mínar, þ.m.t. hvort það séu vanskil. Einnig veitir umboðið Íbúðalánasjóði heimild til að sækja upplýsingar um eignastöðu mína, s.s. fasteigna- og ökutækjaeign, í gagnagrunna þriðja aðila.

Umsækjandi/umsækjendur samþykkir og heimilar að framangreindar upplýsingar verði nýttar, þ.m.t. sóttar og vistaðar í tengslum við ákvörðunartöku varðandi umsókn um afskrift á skuld umsækjanda sem glatað hefur veðtryggingu enda hafi Íbúðalánasjóður lögvarða hagsmuni af notkun umræddra upplýsinga.

Heimild þessi gefur Íbúðalánasjóði rétt til þess að kalla eftir ofangreindum upplýsingum á meðan umsóknarferli er í gangi, sem og á meðan sjóðurinn hefur lögvarða hagsmuni af notkun upplýsinganna sem aflað er samkvæmt umboði þessu.

Umsækjandi/umsækjendur getur afturkallað umboðið hvenær sem hann óskar og tekur afturköllunin gildi þegar Íbúðalánasjóður hefur mótttekið afturköllunina með sannanlegum hætti.

Ábyrgðaraðili vinnslu upplýsinga þeirra sem samþykki þetta tekur til er Íbúðalánasjóður, húsnaðisvið ils@ils.is.

Framangreint samþykki um öflun upplýsinga er í samræmi við ákvæði laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

Staður/dagsetning

Nafn og kennitala

Nafn og kennitala

UPPLÝSINGAGJÖF OG FRÆÐSLA vegna umsóknar um afskrift skuldar

Umsækjandi er hér með upplýstur um það að Íbúðalánasjóður er ábyrgðaraðili vinnslu persónuupplýsinga þeirra sem umsókn hans og fylgiskjöl taka til. Fyrirspurnum, athugasemdum eða kröfum er varða vinnslu upplýsinganna er unnt að beina að þjónustuveri Íbúðalánasjóðs ils@ils.is.

Erindum varðandi vinnslu persónuupplýsinga er jafnframt unnt að senda á persónuverndarfulltrúa Íbúðalánasjóðs (persona@ils.is).

Tilgangur hinnar fyrirhuguðu vinnslu persónuupplýsinga er úrvinnsla umsóknar um afskrift skuldar vegna glataðs veðs af hálfu umsækjanda og önnur nauðsynleg vinnsla á grundvelli þess samkomulags sem kann að komast á milli ÍLS og umsækjanda.

Öflun og vinnsla persónuupplýsinganna byggir á samþykki umsækjanda, sbr. lög nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

Væntir viðtakendur upplýsinganna eru starfsmenn Íbúðalánasjóðs sem fara með úrvinnslu eða ákvörðunarvald er varðar umsóknina.

Varðveislu upplýsinganna er háttað í samræmi við lög um meðferð opinberra skjalasafna nr. 77/2014 sem taka til allra skjala og gagna í vörslu Íbúðalánasjóðs sem telst afhendingarskyldur aðili í skilningi laganna. Hér skal upplýst um það að óheimilt er að eyða skjölum úr skjalasöfnum afhendingarskyldra aðila nema með heimild þjóðskjalavarðar, skv. 24. gr. laga nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn.

Hinn skráði á rétt á því að fara fram á það við ábyrgðaraðila að fá aðgang að persónuupplýsingunum, láta leiðrétta þær, eyða þeim eða takmarka vinnslu þeirra hvað hinn skráða varðar eða til að andmæla vinnslu þeirra. Auk þess sem hinn skráði kann að eiga rétt til að flytja eigin gögn.

Veiting þeirra persónuupplýsinga sem farið er fram á er krafa á grundvelli laga og reglugerðar og jafnframt forsenda þess að hægt sé að gera samning á grundvelli framkominnar umsóknar. Umsækjanda ber að láta umbeðnar persónuupplýsingarnar í té að öðrum kosti er ekki unnt að afgreiða umsókn hans.

Umsækjandi og/eða hinn skráði hefur rétt til þess að afturkalla með sannanlegum hætti samþykki sitt fyrir vinnslu persónuupplýsinganna, að því leiti sem samþykkisgrundvöllur vinnslunnar á við. Afturköllun á samþykki fyrir vinnslunni hefur ekki áhrif á lögmæti vinnslunnar fram að afturköllun.

Rétt er að upplýsa vegna vinnslu persónuupplýsinga er varðar umsókn þessa að unnt er að beina athugasemdum eða kvörtunum til Persónuverndar.

Við vinnslu umsóknar þessarar fer ekki fram sjálfvirk ákvarðanatáka í skilningi laga um persónuvernd.

Umsækjandi lýsir því hér með yfir að hann hafi kynnt sér og mótttekið ofangreindar upplýsingar um vinnslu persónuupplýsinga.

Staður/dagsetning

Nafn og kennitala

Nafn og kennitala